

## Skýrsla stjórnar G.R. 01.11.2004-31.10.2005

Á starfsárinu létust 8 félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur.

Þeir voru:

Anna Margrét Guðmundsdóttir

Friðrik Andrés�on

Guðlaug Sveinsdóttir

Gunnar Mogensen

Halldór Birgir Olgeirsson

Jóhann Friðjónsson

Kristinn Hermannsson

Sigurbjörg Ámundadóttir

Ég vil biðja fundarmenn að minnast þessara látnu félaga okkar með því að rísa úr sætum.

Á starfsárinu var stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur þannig skipuð:

Gestur Jónsson, formaður.

Jón Pétur Jónsson, varaformaður

Stefán Svavarsson gjaldkeri.

Meðstjórnendur voru: Ómar Arason, Björn Víglundsson, Stefán Gunnarsson og Viggó Viggósson.

Í varastjórn sátu Rakel Kristjánsdóttir, Helga Harðardóttir og Magnús Oddsson.

Haldnir voru 14 bókaðir stjórnarfundir. Eins og undanfarin ár sat varastjórn alla stjórnarfundir, ásamt framkvæmdastjóra.

Í lok starfsársins voru félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur 2264 (+102) þar af eru 28 (32) ævifélagar og 8 (6) heiðursfélagar. Félagsmenn sem greiða árgjald eru því 2230 (2126). Félagsmönnum sem greiða árgjald hefur fjölgað um 104 frá fyrra ári. Þá eru 81 (54) krakki yngri en 17 ára aukafélagar í klúbbum með takmörkuð réttindi til þess að spila velli klúbbsins. Loks seldi klúbburinn 353 (266) sumarkort á Litla-Völlinn. Það eru því um 2.700 manns sem höfðu rétt til þess að leika vellina okkar á síðasta sumri. Karlar eru 1.691 en konur 573. Hlutfall kvenna hefur hækkað lítillega og er nú 25,3%

Á aðalfundi GR árið 2000 var stjórn heimilað að takmarka fjölda félagsmanna. Í lok starfsárs voru 628 (529) manns biðlista.

## **Fjármálin.**

Gjaldkeri klúbbsins mun gera nánari grein fyrir reikningunum hér á eftir.

## **Framkvæmdir ársins:**

Helstu nýframkvæmdir við velli klúbbsins í ár voru:

Grafarholt:

- Byggð var upp ný æfingaaðsta fyrir stutta spilað í Grafarkoti, aftan við Bása. Um er að ræða stórar pútt- og vippflatir auk sex holu vallar með stuttum brautum. Grafarkotsvöllurinn verður opnaður í vor og þar með nálgast Golfklúbbur Reykjavíkur það markmið að geta boðið félagsmönnum sínum alhliða, fyrsta flokks æfingaaðstöðu.
- Gervigras var sett á 6000 m<sup>2</sup> svæði í Básun.. Í vetur kom í ljós að handtína þurfti þúsundir bolta sem sukku í bleytu dag eftir dag. Settur var jarðvegsdúkur yfir svæðið, bögglabergs- og sandlag þar ofan á og síðan gervigrasið. Við höfðum ekki gert ráð fyrir því að þessi framkvæmd væri nauðsynleg en annað kom í ljós fyrst niðurstaðan varð sú að nýta aðstöðuna í Básun allt árið..
- Á 4. braut var sett ný glompa.
- Hluti 8. brautar var endurmótaður og þar settar tvær nýjar glompur.
- Á 11. braut var skipt um efni og endurtyrft svæðið fyrir framan flötina. og sett ný glompa.
- Þá hefur 12. fötin verið endurtyrft með minniháttar endurmótun.
- Varanlegur vegur inn á völlinn var gerður við tólftu brautina og rauði teigurinn endurgerður.
- Nýir grasteigar voru gerðir á 13. og 14. braut í Grafarholti.
- Efri hluti 15. brautar í Grafarholti var endurgerður og þar gerðar 4 nýjar glompur..
- Nýr teigur tekinn í notkun á 18. braut.
- Þrír nýir gervigrasteigar voru gerðir á 13., 14. og 15. braut vallarins
- Nú í haust hófust framkvæmdir við endurgerð 4. og 8. flatarinnar í Grafarholti í tengslum við lagningu göngustígs á milli flatanna sem mun síðan fylgja veginum vinstra megin níundu brautarinnar og út af völlum upp í Árbæjarhverfi.

Korpa:

- Flötin á þriðju braut var endurmótuð með tilliti til þess að holan er nú þar 3 og jafnframt voru þar gerðar 2 nýjar glompur. og ein endurgerð
- Viðgerð á tjörn á 11. braut á Korpu.
- Vökvunarkerfi sett í tvær flatir á Korpu
- Bætt við 18 boltavottavélum og ruslafötum á völlum klúbbsins. Sett á Litla völlinn og nokkra rauða teiga.
- Settir gervigrasteigar við allar brautir Litla vallarins og komið upp vökvunarkerfi.
- Fyrsta flöt Litla vallar endurgerð.

Formaður vallarnefndar var Stefán Gunnarsson en með honum í nefndinni voru Gísli G. Hall, Guðmundur Pálmi Kristinsson og Gestur Jónsson.

### **Vélakaup.**

Keyptar voru vélar fyrir 19,5 mkr., en seldar á móti vélar fyrir 2.0 mkr.

### **Afrek.**

Klúbbmeistari karla varð Ólafur Már Sigurðsson.

Klúbbmeistari kvenna varð Ragnhildur Sigurðardóttir.

Sigurvegarar í GR open voru Gestur Gunnarsson og Jón Guðmundsson úr GKG.

Árangur okkar afreksfólks á þessu ári var mjög góður.

Ragnhildur Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari kvenna í högggleik og holukeppni. Hún varð stigameistari á Toyotamótaröðinni. Hún reyndi fyrir sér á inntökumóti fyrir evrópsku mótaröðina, þriðja árið í röð, en komst því miður ekki áfram.

Kvennasveit GR, skipuð Önnu Lísu Jóhannsdóttur, Hönnu Lilju Sigurðardóttur Herborgu Arnarsdóttur, Láru Hannesdóttur, Ragnhildi Sigurðardóttur, Sólveigu Ágústsdóttur og varð Íslandsmeistari kvenna í sveitakeppni.

### Unglingar.

Íslandsmót unglunga í högggleik:

Þórður Rafn Gissurarson varð Íslandsmeistari drengja í flokki 16-18 ára.

Berglind Björnsdóttir varð Íslandsmeistari í flokki stúlkna 12-13 ára.  
Hanna Lilja Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í flokki stúlkna 16-18 ára.  
Elísabet Oddsdóttir varð Íslandsmeistari í flokki stúlkna 14-15 ára.  
Guðmundur Ágúst Krisjánsson varð Íslandsmeistari í flokki 13 ára og yngri drengja.

Piltasveit GR 14-15 ára, skipuð Pétri Frey Péturssyni, Axel Ásgeirssyni, Heimir Þór Morthens, Þórði Axeli Þórissyni og Guðmundur Ágúst Kristjánsson varð Íslandslandsmeistari í sveitakeppni. Liðsstjóri var Karl Andrésón.

Íslandsmót unglunga í holukeppni:

Guðmundur Ágúst Kristjánsson varð Íslandsmeistari drengja 13 ára og yngri.

Axel Ásgeirsson varð Íslandsmeistari drengja í flokki 14-15 ára.

Hanna Lilja Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í flokki 16-18 ára stúlkna

Stigakeppni unglunga:

Guðmundur Ágúst Krisjánsson varð meistari drengja í flokki 13 ára og yngri.

Pétur Freyr Pétursson varð meistari drengja í flokki 14-15 ára

Þórður Rafn Gissurarson varð meistari drengja í flokki 16-18 ára.

Í afreksnefnd sátu Magnús Oddsson, formaður, og með honum Einar Sigurjónsson og Tryggvi Pétursson.

### **Forgjafar- og aganefnd.**

Tvö mál komu inn á borð nefndarinnar á þessu starfsári. Niðurstaða nefndarinnar í öðru málinu var birt opinberlega en hitt málið afgreitt með sáttatillögu sem báðir aðilar samþykktu. Nefndin hefur auk þess fylgst undanfarin tvö ár með forgjafarskráningum félagsmanna, og er það áhyggjuefni að 51% félagsmanna leika ekki tilskilda hringi til forgjafar ár hvert og skv. ströngustu reglum er forgjöf þeirra því ógild.

Í forgjafarnefnd eru Jónas Valtýsson, formaður, Stefán Pálsson og Guðni Hafsteinsson.

### **Störf nefnda:**

Á vegum klúbbsins starfa nokkrar nefndir sem sinna afmörkuðum þáttum starfseminnar.

**Kvennanefnd.** Í kvennanefnd Guðlaug Pálsdóttir, Rósa Guðmundsdóttir, Brynja Guðmundsdóttir, Marólína Erlendsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

**Unglinganefnd** var undir forystu Viggós Viggóssonar, en með honum í nefndinni var Sigurjón Árni Ólafsson og loks

**Öldunganefnd** laut formennsku Ómars Arasonar en með honum í nefndinni voru Ágúst Geirsson, Hilmar Karlsson og Kristín Ó. Ragnarsdóttir.

Allar þessar nefndir störfuðu af þrótti og skiluðu góðu verki á starfsárinu. Á vegum nefndanna fer fram mikið og gott félagsstarf nánast allt árið. Tímans vegna mun ég ekki rekja einstaka þætti í starfi nefndanna heldur læt við það sitja hér að þakka öllum sem unnið hafa í og með nefndunum færa kærar þakkir fyrir vel unnin störf. Ég hef óskað þess við formenn nendanna að þeir taki saman stuttar skýrslur um störf nefndanna og birti þær á heimasíðu klúbbsins.

### **Kappleikir**

Kappleikjahald var með hefðbundnu sniði og síðastliðið sumar. Í meistaramóti GR léku 510 kylfingar sem er metþátttaka. Skýrsla kappleikjanefndar verður einnig birt á heimasíðu klúbbsins. Formaður kappleikjanefndar er Jón Pétur Jónsson.

### **Kylfingur**

Gefið var út eitt eintak af Kylfingi auk tveggja fréttabréfa þar sem fram koma stuttar fréttir um það sem er að gerast í starfi klúbbsins.

Björn Víglundsson er ritstjóri Kylfings.

### **Ræsing og eftirlit.**

Fimm ræsar störfuðu hjá klúbbum í sumar. Einn ræsir var ávallt á vakt í Grafarholti, en tveir í mótum. Tveir voru á vakt á Korpunni yfir háannatímann.

### **Samstarf við golfklúbba. Hella, Leynir, Suðurnes og Þorlákshöfn:**

1750 hringir leiknir á Garðavelli á Akranesi.

1632 hringir leiknir á Þorláksvelli á Þorlákshöfn.

1346 hringir leiknir á Hólmsvelli í Leiru.

1264 hringir leiknir á Hellu.

Alls léku félagsmenn í GR um 6.000 hringi á vinavöllum klúbbsins. Samstarfið gekk vel án undantekninga

### **Golfkennarar.**

Derrick Moore var aðalgolfkennari klúbbsins. Honum til aðstoðar David Barnwell.

### *Rekstur vallanna á síðasta sumri.*

Skelfilegt golfsumar. Versta vor í áratug og svo varð september mánuður sá kaldasti í meira en 100 ár. Kaldari en frostaveturinn mikla! Opnað var inn á sumarflatir á Korpunni 30. apríl en í Grafarholtinu 15. maí Opið var á sumarflötum í Grafarholti og Korpu til 23. október. Vellirnir komu seint til en það er þó ástæða til þess að gleðjast yfir því hversu góður Korpuvöllurinn var frá júlí og til loka leiktímabilsins. Það er ánægjulegt að geta þess í þessu samhengi að hingað komu í sumar menn á vegum evrópsku mótaraðarinnar m.a. þeirra erinda að velja vettvang fyrir mót á öldungamótaröð karla sem verður hugsanlega haldið á Íslandi næsta sumar. Eftir að hafa skoðað bestu velli landsins varð það niðurstaða þeirra að óska eftir því að mótið verði haldið á Korpunni. Það kemur svo væntanlega í ljós á næstu vikum hver verður niðurstaðan í þessu máli.

Golfklúbbur Reykjavíkur er um margt einstakt félag. Sé miðað við umfang rekstrar erum við langstærsta íþróttafélag borgarinnar og þar með landsins alls. Vöxturinn í starfsemi klúbbsins hefur verið mjög hraður og enn er ekkert lát á eftirspurninni eftir þeirri þjónustu sem Golfklúbbur Reykjavíkur býður. Ég varð formaður þessa klúbbs fyrir 7 árum, árið 1998. Þá var kynntur rekstrarreikningur þar sem niðurstöðutölurnar teknamegin voru í kringum 50 mkr. Í dag erum við að kynna rekstrarreikning með tekjum sem nema rúmlega 225 mkr. Þetta er 4,5 fimmföldun í krónutölu og meira en þreföldun á umfangi rekstrar ef fjárhæðir eru leiðréttar miðað við byggingarvísitölu. 1998 sögðum við að rekstur GR væri í raun orðinn á við rekstur sámlægs fyrirtækis. Hafi það verið sannleikur á þeim tíma þá blasir við að í dag er reksturinn orðinn sambærilegur rekstri alvöru fyrirtækis. Ég gat þess á aðalfundi í fyrra að stjórnin teldi nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðila til þess að fara yfir skipulag og starfsemi klúbbsins og setja fram tillögur um breytingar á lögum klúbbsins og stjórnskipulegri uppbyggingu hans. Þetta var gert og voru 5 valinkunnir GR ingar þau Árni Tómasson, Friðbert Traustason, Kolbeinn Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir og Ragnar H. Hall fengin til verksins. Var Ragnar formaður nefndarinnar. Nefndin vann verk sitt vel og skilaði skýrslu til stjórnar snemma í haust þar sem gerðar voru tillögur um breytingar á skipulagi klúbbsins og kynnt tillaga að nýju skipuriti fyrir starfseminna. Skýrslunni fylgdu svo samsvarandi tillögur til

breytinga á lögum klúbbsins. Niðurstöður nefndarinnar voru birtar á heimasíðu GR fyrir nokkrum vikum og hafa verið þar aðgengilegar félagsmönnum. Það urðu reyndar mistök við þá birtingu, sem rétt er að biðjast velvirðingar á, því birt voru skýrsludrög, en ekki sú skýrsla sem nefndin skilaði til stjórnarinnar. Þetta hefur verið leiðrétt og ég hvet félagsmenn til þess að kynna sér niðurstöður nefndarinnar. Stærsta breytingin sem nefndin leggur til er sú að skilið verði á milli íþrótt- og afreksstarfs klúbbsins annars vegar og starfseminnar að öðru leyti hins vegar. Aðalfundur á hverju ári samþykki fjárveitingar til íþróttastarfseminnar og stjórn klúbbsins sé óheimilt að ganga lengra, þ.e. veita meira fé til íþróttastarfseminnar, nema að fengnu samþykki félagsfundar. Þá er gerð tillaga um fækkun í stjórn klúbbsins. Þar verði 5 menn í stað 10 og þá gengið út frá því að hlutverk stjórnarinnar verði í auknum mæli beintengt fjárhagslegum rekstri klúbbsins en félagsstarfinu að öðru leyti verði sinnt með öðrum hætti. Tillögurnar hafa verið ræddar í stjórn og hafa þar verið skiptar skoðanir um hvort rétt sé að ganga svo langt sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Stjórnin ákvað því, áður en lengra yrði haldið, að kynna tillögurnar á þessum aðalfundi og mun Ragnar H. Hall, formaður nefndarinnar gera grein fyrir aðalefni þeirra hér á eftir undir dagskrárliðnum önnur mál. Engar tillögur eru gerðar til þessa aðalfundar um lagabreytingar en gengið er út frá því að stjórnin leggi tillögur sínar í þessu efni fyrir aðalfund á næsta ári eftir að hafa rætt tillögurnar betur og fengið fram viðbrögð félagsmanna.

### **Gagnrýni á störf stjórnar GR.**

Lengst af þeim tíma sem ég hef verið í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur hef ég lítið orðið var við gagnrýni frá félagsmönnum. Nú eru þeir tímar liðnir að stjórn geti setið í sínum turni og haldið að allt sé í sóma þótt úti í klúbbum kunnri að krauma óánægja með rekstur klúbbsins. Eftir að heimasíðan [Kylfingur.is](http://Kylfingur.is) var opnuð á netinu hefur þar verið líflegt spjall um margt sem tengist golfinu. Rekstur GR hefur mjög komið við sögu á þeim vettvangi og margt af því sem sagt hefur verið hefur falið í sér óvægna gagnrýni á stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn Golfklúbbs Reykjavíkur. Það er svolítill galli að gagnrýnin er nánast aldrei sett fram undir nafni og sorglega oft er það sem sagt er byggt á vanþekkingu á staðreyndum. Við tökum þessa gagnrýni samt alvarlega og því vil ég víkja að þeim þáttum hennar sem hafa verið mest áberandi og lýsa afstöðu stjórnarinnar í þeim málum.

### **1. Félagsandi.**

Spjöllurum er tíðrætt um lélegan félagsanda í klúbbum. Gleymum því ekki að GR er gríðarstór golfklúbbur og félagsstarfið snýst því um golfið. Félagsandinn er bestur þegar sólin skín í heiði, vellirnir eru í lagi og

æfingaaðstaðan góð. Innan klúbbsins er að finna fjölmarga hópa, eða klíkur eins og sumir vilja kalla það. Innan þessara hópa blómstrar félagslíf. Klúbburinn stendur á hverju ári fyrir herrakvöldi, kvennakvöldi, hjóna- og parakeppni, niðjamóti, jónsmessumót, bændaglímu auk margra innanfélagsmóta að ógleymdu meistaramóti klúbbsins sem er stærsti golfatburður hvers árs á landinu. Stjórn klúbbsins reynir að stuðla að því að klúbbhúsin séu í bærilegu ástandi og að veitingaaðstaðan sé góð. Við reynum að ala starfsfólk okkar upp í því að vera kurteist og lipurt við klúbbfélagana. Í Básun hefur skapast alveg ný vídd í æfingaaðstöðu á Íslandi og þar sér maður fólk tugum og hundruðum saman mæta og æfa sig, fá sér kaffi, reyndar við frumstæðar aðstæður, og spjalla við náungann. Það er alveg rétt sem spjallararnir segja. Stjórn GR hefur ekki skapað neinn félagsanda í klúbbum. Það sem meira er ég held hún muni aldrei geta það og hún eigi ekki einu sinni að reyna það. Hún á hins vegar að reyna að skapa umgjörðina fyrir félagsandann en “andinn” verður auðvitað að koma frá félagsmönnum sjálfum.

## **2. Fyrirtækjamótin.**

Það eru engin ný sannindi að Grafarholtsvöllur er langeftirsóttasti völlur landsins fyrir fyrirtækjamót. Þar kemur þrennt til, góður völlur, góður golfskáli og afburða veitingasala. Til þess að geta haldið þessum gæðum þarf að afla fjár til þess að geta gert hlutina vel úr garði. Fyrirtækjamótin skipta miklu máli í tekjuöflun GR. Við höfum mjög reynt að stýra fyrirtækjamótunum þannig að þau verði í auknum mæli á Korpunni. Það hefur ekki tekist. Skiptir þar án vafa mestu máli að veitingaaðstaðan er ekki sambærileg við þá sem við höfum hérna í Grafarholtinu. Til að jafna hlut Korpunnar að þessu leyti væri óhjákvæmilegt að leggja í mjög kostnaðarsamar endurbætur á golfskálanum þar. Fjárhagsstaða okkar er ekki þannig að líklegt sé að í slíkar breytingar verði ráðist á allra næstu árum.

Ókosturinn við fyrirtækjamótin er sá að loka þarf þeim velli sem notaður er fyrir félagsmönnum þann tíma sem mót stendur.

Hér takast því á gagnstæðir hagsmunir. Þörf klúbbsins til þess að afla fjár til rekstrar og uppbyggingar og hagsmunir félagsmanna af því að hafa sem minnstar takmarkanir á aðgangi að völlum okkar. Eins og alltaf þegar svo háttar þurfa menn að taka ákvörðun sem í eðli sínu hlýtur að hafa kosti og ókosti. Ákvörðun stjórnar GR var sú að setja reglur um fyrirtækjamót þess efnis að almennt skuli fyrirtækjamót haldin á virkum dögum, fyrir hádegi og þá ræst út af öllum teigum. Yfirleitt er ræst út kl. 9.00 og leik lokið fyrir kl. 14.00, þannig að viðkomandi völlur er opinn

félagsmönnum frá kl. 14.30 eða svo. Þá gildir sú regla að ekki skuli vera mót á báðum völlum klúbbsins nema í meistaramóti, bændaglímu og jónsmessu. Fyrirtækjamótin hafa mest lent á föstudagsmorgnum og verið í Grafarholtinu. Reynsla til margra áratuga sýnir að aðsókn á vellina á þessum tíma er ekki mikil og ég hef gengið úr skugga um að þegar fyrirtækjamót hefur verið á öðrum völlum okkar á þessum tíma þá hefur nánast án undantekninga verið hægt að fá rástíma á hinum völlum. Að auki er það svo, og því má ekki gleyma, að GRingar hafa aðgang að fjórum öðrum 18 holu völlum sem eru innan seilingar.

Það er rétt að geta þess að fyrirtækjamótin skiluðu klúbbum 12,7 mkr í tekjur á þessu ári og þar að auki er tilvist þeirra mjög mikilvægur þáttur í rekstri veitingasölnunnar í Grafarholtinu og eiga stóran þátt í því hversu góð sú þjónusta er við okkur og gesti okkar.

Þess er líka skylt að geta að heimilt er að víkja frá almennu reglunni um fyrirtækjamótin og það var gert í nokkur skipti síðasta sumar. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið verður það endurmetið hvort rétt sé að heimila jafnmargar undantekningar í framtíðinni eins og varð síðasta sumar.

Það er rétt að undirstrika að samkvæmt reynslunni er fyrrihluti föstudags ekki annatími á golfvöllum. Það er því einfaldlega ekki rétt, sem stundum er sagt, að félagsmenn GR komist oftsinnis ekki í golf á völlum klúbbsins vegna fyrirtækjamóta, þótt þess kunni vissulega að vera dæmi. Höfum í huga að í öllum öðrum golfklúbbum á Íslandi þýðir fyrirtækjamót það að félagsmenn komast ekki í golf á eigin velli meðan á mótinu stendur. Þá stöðu þurfum við ekki að þola.

### **3. Básar**

Að því er fundið að ekki sé veittur sérstakur afsláttur í Básum fyrir GRinga. Það sé til lítils að vera félagsmaður í GR fái maður ekki þjónustuna í Básum á öðru verði en þeir sem ekki eru í félaginu.

Það er reyndar ekki rétt forsenda að GRingar hafi ekki notið neinna sérkjara í Básum. Með félagsskírteininu í ár fylgdi réttur til þess að taka út 100 bolta í Básum án greiðslu.

Það er rétt að rifja það upp að það byggðist á mikilli bjartsýni að reisa Bása. Sumir töldu okkur ruglaða að láta okkur detta í hug að byggja mannvirki af þessari stærð. Kostnaðurinn við bygginguna með tækjum og öðru sem þarf er orðinn 130-140 milljónir króna. Styrkur Reykjavíkurborgar og framlagið frá R&A í Skotlandi námu innan við

50% stofnkostnaðarins. Staðreyndin er því sú að GR hefur fjármagnað meira en helminginn af stofnkostnaði Bása með lánsfé. Þess sér stað í reikningum klúbbsins. Til þess að geta staðið við þær skuldbindingar sem klúbburinn hefur tekið á sig vegna Bása þurfum við verulegar tekjur frá rekstrinum. Stjórn GR skilgreindi stöðuna þannig í upphafi að Básar væru byggðir fyrir GR inga en jafnframt væru allir aðrir kylfingar velkomnir, - hvort sem þeir eru GR ingar eða ekki. Væru Básar einungis notaðir af okkur GR-ingum er alveg augljóst að reksturinn væri mjög erfiður og nauðsynlegt yrði að hækka félagsgjöldin til þess að greiða niður fjárfestinguna. Ég lít því svo á að við GR-ingar eigum að þakka gestum okkar sem koma í Bása fyrir að láta sjá sig og við eigum að horfa þannig á málið að með því séu þeir að hjálpa okkur að láta þessa miklu framkvæmd ganga upp. Að mínu mati væru það fráleit skilaboð til gesta okkar að láta þá greiða hærra gjald en við gerum sjálf. Mér finnst að við eigum fremur að gleðjast yfir því að verðið á boltunum í Básu er með því besta sem gerist hvort sem borið er saman við önnur æfingasvæði hér á landi eða erlendis og þrátt fyrir það gengur reksturinn vel.

Í þessu samhengi vil ég minna á að GR hefur rekið æfingasvæði utanhúss áratugum saman. Fyrst í Grafarholti, svo bæði á Korpu og í Grafarholti. Þessi svæði hafa alltaf verið opin öllum kylfingum hvort sem þeir eru félagsmenn GR eða ekki og alltaf hefur verið sama gjald fyrir alla sem þar koma.

Sjálfsgat átta þeir sem svona tala sig ekki á því að nú eru rúmlega 5.000 einstaklingar skráðir korthafar í Básu. Af þessum hópi eru rúmlega 1.400 félagsmenn í GR en aðrir korthafar eru um 3.700 talsins. Ég tel að reynslan hafi ótvírætt sýnt að það var rétt ákvörðun að reka Bása út frá þeirri forsendu að hvetja alla Reykvíkinga og félagsmenn í öðrum golfklúbbum til þess að nota aðstöðuna. Sú ákvörðun er grundvallarástæða þess að reksturinn gengur vel bæði í félagslegum og fjárhagslegum skilningi. Um síðustu helgi var 9 milljónasti boltinn sleginn í Básu. Þetta er auðvitað lygileg aðsókn á tæpu einu og hálfu ári og það sem ánægjulegast er: Aðsóknin er enn vaxandi.

Í ársreikning félagsins getið þið séð að Básar eru þegar farnir að skila fjármunum inn í klúbbinn þótt auðvitað vanti mikið upp á að við séum búin að greiða upp skuldir vegna mannvirkisins. Í mínum huga er enginn vafi á því að rekstur Bása í þessu formi á eftir að styrkja GR mjög til langrar framtíðar og það er sá afsláttur sem gagnast GR ingum mest þegar upp verður staðið.

#### 4. Golf ehf.

Loks finnst mér nauðsynlegt að víkja nokkrum orðum að umræðunni sem orðið hefur um aðkomu Margeirs Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra GR, að hugmyndinni um að byggja upp heimsklassa golfvöll á söndunum austan Þorlákshafnar. Eins og þið vitið sjálfsagt öll þá fékk málið á sig alveg nýja mynd þegar sjálfur Nick Faldo birtist á Íslandi fyrir nokkrum vikum ásamt frægum golfvallaarkitekt. Þessir menn eyddu tveimur eða þremur dögum á staðnum með Margeiri og Páli Ketilssyni, frænda hans og áttu að því loknu vart orð til þess að lýsa því hvað þeim þætti þetta spennandi verkefni.

Umræðan á spjallinu gengur út á það að þarna sé Margeir að vanrækja starf sitt sem framkvæmdastjóri GR og jafnvel hafa verið settar fram getgátur og dylgjur um að GR sé á fullu í þessu verkefni.

Í lífinu er það þannig að maður hittir margt fólk. Flestir fylgja straumnum en einstaka maður fer aðrar leiðir. Sumir menn eru í eðli sínu hugmyndasmiðir og framkvæmdamenn. Þannig menn eru fáir en þeir eru hverju samfélagi dýrmætir, hvort sem það samfélag heitir Ísland, Golfklúbbur Reykjavíkur eða golfíþróttin á Íslandi.

Ég er þeirrar skoðunar að hann Margeir Vilhjálmsson fylli síðari flokkinn. Ég hef unnið með honum í sjö ár og leyfi mér að segja það eftir þau kynni að hann hefur í senn yfirburðapekkingu á öllu sem varðar golf og golfíþróttina, kraft til þess að framkvæma hluti og síðast en ekki síst þann hugmyndaþrótt sem þarf til þess að standa fyrir framförum. Margeir hefur með góðu samþykki stjórnar GR verið fjölmörgum öðrum golfklúbbum á Íslandi til aðstoðar og ráðgjafar á undanförunum árum. Ætli hugmyndin um vinavellina og sú staðreynd hve vel það samstarf hefur gengið eigi sér ekki nokkrar rætur í slíku samstarfi. Þegar Margeir ræddi við mig snemma í sumar um að hann teldi að grundvöllur gæti verið fyrir því að byggja einstakan golfvöll í heimsklassa á Íslandi og hann væri búinn að finna staðinn fyrir slíkan völl og hann teldi sig geta fengið Faldo til þess að hanna völlinn þá hvatti ég Margeir til þess að skoða þetta mál áfram. Á næsta stjórnarfundum GR sem var 23. júní gerði Margeir stjórninni grein fyrir málinu og þar varð það einróma niðurstaða allra stjórnarmanna að gera ekki athugasemdir við að Margeir kannaði grundvöll þessarar hugmyndar þótt hann væri á sama tíma framkvæmdastjóri GR. Stjórnin lítur einfaldlega svo á að það væri stórkostlegur hvalreki fyrir golf á Íslandi ef svona hugmynd gæti orðið að veruleika. Við teljum það ekki andstætt hagsmunum GR, nema síður væri, að þessi hugmynd sé könnuð í þaula. Komi til þess að fjárhagslegur grundvöllur fyrir uppbyggingu vallarins finnist er auðvitað líklegt að

kallað verði á Margeir til þess að stýra því verki. Fram til þess tíma vona ég að GR megi áfram njóta krafta hans sem framkvæmdastjóra.

Það skal tekið fram að Golfklúbbur Reykjavíkur á engan þátt í þessu máli og enga aðild að félaginu Golf ehf sem Margeir stofnaði að mínu ráði utan um þetta hugarfóstur sitt.

### **Hvað er framundan?**

Þótt Golfklúbbur Reykjavíkur sé fjárhagslega mjög sterkt félag þá er peningaleg staða klúbbsins mun lakari en hún var á síðasta aðalfundi eins og gjaldkeri klúbbsins mun gera nánar grein fyrir hér á eftir. Ástæðan er sú aðklúbburinn hefur staðið í miklum framkvæmdum undnafarin ár og hagnaður af rekstri og framlög Reykjavíkurborgar hafa ekki nægt til þess að jafna metin. Þetta ár sýnist mjög erfitt því bygging Grafarkotsvallarins og frágangurinn í Básum ásamt öðrum framkvæmdum á völlum okkar kostuðu um 70 mkr og til þess að standa undir kostnaði af þessum framkvæmdum hefur enn enginn styrkur fengist frá Reykjavíkurborg. Ég vil þó nota þetta tækifæri til þess að skýra ykkur frá því að ég tel víst að samningar mini takast við borgaryfirvöld á næstu vikum um uppbyggingu hjá GR á næstu 6 til 7 árum. Þeir samningar eru í pípunum eins og það er stundum orðað og þá mun, ef ég met stöðuna rétt, fást stuðningur m.a. til þeirra framkvæmda sem við höfum þegar lokið. Ég leyfi mér því að trúa því að peningaleg staða klúbbsins batni mjög fljótlega þegar niðurstaða fæst í þeim viðræðum sem við eigum í við borgina.

Það væri bæði flókið og langt mál að skýra út viðræður okkar við borgaryfirvöld sem hafa staðið frá haustinu 2004. Borgarráð skipaði nefnd til viðræðna við GR sem í voru fulltrúar ÍTR og skipulagsins og átti sú nefnd að skila tillögum fyrir 15. sept sl. Nefndin skilaði tillögum í október og þar var gerð tillaga um að gerður yrði samningur við GR til 6 ára sem fæli í sér stuðning borgarinnar við uppbyggingu á völlum okkar á þeim tíma og sá stuðningur yrði 60 mkr. Inn í þeirri uppbyggingu er m.a. gert ráð fyrir stækkun Korpúlfsstaðavallar í 27 holur. Gert er ráð fyrir að samhliða verði Korpúlfsstaðavellinum mörkuð varanleg landamerki og um hann gerður samningur til 50 ára þannig að unnt sé að halda áfram uppbyggingu vallarins í trausti þess að um varanlegar lausnir sé að ræða. Þá er lagt til að samningurinn taki til þátta eins og Grafarkostvallarins, sem er reyndar næstum tilbúinn, breytinganna í Básum og þjónustubyggingar við Bása, nýs áhaldahúss við Grafarholtsvöllinn, endurbóta á Grafarholtsvellinum og fleiri atriða.

Borgarráð afgreiddi í síðustu viku tillögur nefndarinnar m.a. með þeim hætti að samþykkja að veitt verði fjármagn, með sérstökum samningi

milli Reykjavíkurborgar og GR, vegna þeirra framkvæmda sem GR hefur óskað eftir að ráðist verði í á næstu árum. Eftir að þessi samþykkt var gerð hef ég átt fund með borgarstjóra um málið og jafnframt verið í sambandi við Önnu Kristinsdóttur, formann ÍTR, og við stefnum að því að ljúka þessari samningsgerð í samræmi við samþykkt borgarráðs á næstu vikum.

Góðir fundarmenn

Ég vil að síðustu nota tækifærið til þess að þakka framkvæmdastjóranum Margeiri Vilhjálmssyni og öllum öðrum starfsmönnum GR fyrir samstarfið á starfsárinu sem og starfsmönnum í veitingasölu og kennurum klúbbsins. Ég vil þakka samstjórnarmönnum mínum samstarfið og þá sérstaklega Ómari Arasyni, sem hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Ómar hefur setið í stjórn undanfarin fjögur ár og reynst okkur góður liðsmaður. Hann hefur haft umsjón með öldungastarfi GR með miklum ágætum og lagt á sig ómælda vinnu í því sambandi. Ég ítreka þakkir til Ómars og óska honum velfarnaðar og lækkandi forgjafar.

